17. gr.

Samning þennan skal fullgilda, og skulu fullgildingarskjöl afhent norska utanríkisráðuneytinu til varðveislu.

Samningurinn öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst tveimur fullum almanaksmánuðum eftir þann dag er fullgildingarskjöl allra ríkjanna hafa verið afhent.

18. gr.

Þegar þessi samningur öðlast gildi fellur úr gildi samningur frá 28. júní 1976 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um reglur varðandi viðurkenningu á rétthæfingarskeiðum m.m. vegna réttar til dagpeninga fyrir þá sem tryggðir eru gegn atvinnuleysi, svo og lokabókun við umræddan samning.

Að því er varðar þá sem við gildistöku eru teknir að njóta bóta með stoð í 2. málsgr. 2. gr. samnings þess sem felldur er úr gildi skal umrædd málsgrein halda gildi sínu það sem eftir er af bótatímabilinu.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess höfðu umboð, undirritað þennan samning.

Gert i Mariehamn hinn 12.11. 1985 í einu eintaki á íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, og skulu þeir textar allir jafngildir.

Fylgiskjal.

SKRÁ UM LÖG SEM VITNAÐ ER TIL Í 1. GREIN.

Danmark
Lov (bekendtgørelse nr. 444 af 28. juli 1982) om arbejdsformidling og arbejdsløshetsforsikring m.v.

Finland
Lag om utkomstskydd för arbetslösa (602/24.8.1984)
Lag om arbetslöshetskassar (603/24.8.1984)
— och till dem ansluten lagstiftning

Ísland
Lög nr. 64 2. júní 1981, um atvinnuleysistryggingar

Norge
Lov 17 juni 1966 nr 12 om folketrygd, Kapitel 4,
Stønad under arbeidsløyse m.v. § 4-1, bokstav a

Sverige
Lag den 5 juni 1973 (nr 370) om arbetslöshetsförsäkring
Lag den 5 juni 1973 (nr 371) om kontant arbetsmarknadsstöd

Nr. 21 30. október 1987

AUGLÝSING

um viðskiptasamning við Kína.

Hinn 17. október 1987 var undirritaður í Beijing viðskiptasamningur milli Íslands og Alþýðulýðveldisins Kína. Samningurinn öðlaðist gildi við undirritun.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 30. október 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.

Fylgiskjal.

VIÐSKIPTASAMNINGUR

milli Íslands og Alþýðulýðveldisins Kína

Ríkisstjórn Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn Alþýðulýðveldisins Kína,

— sem vilja styrkja vinsamleg samskipti Íslands og Alþýðulýðveldisins Kína,

— sem æskja þess að efla og þróa frekar viðskipta- og efnahagssamskipti landanna tveggja á grundvelli jafnréttis og gagnkvæms ávinnings,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Samningsaðilarnir eru staðráðnir í að gera allar viðeigandi ráðstafanir til eflingar áframhaldandi og stöðugri þróun viðskipta milli landanna tveggja, jafnframt því að skapa eins hagstæð skilyrði og hægt er fyrir þá þróun. Báðir aðilarnir skulu stuðla að aukinni fjölbreytni í gagnkvæmum viðskiptum.

2. gr.

Samningsaðilarnir skulu innan ramma gildandi laga og reglugerða í löndunum tveimur kappkosta að draga úr eða leggja smám saman niður hvers kyns hömlur gegn viðskiptum með vörur og þjónustu.

3. gr.

Samningsaðilarnir skulu veita hvor öðrum bestu-kjara skilyrði að því er varðar eftirtalda málaflokka:

— tolla eða önnur gjöld sem lögð eru á við innflutning, útflutning, umskipun eða umflutning vöru,
— framkvæmd álagningar slíkra gjalda svo og opinbera tollafgreiðsluaðferð,
— stjórnsýsluleg formsatriði við útgáfu innflutnings- og útflutningsleyfa.

Framantalin ákvæði skulu ekki eiga við um ívilnun sem annar samningsaðili veitir með tilliti til núverandi eða fyrirhugaðs tollabandalags, fríverslunarsvæðis eða annars ívilnunarfyrirkomulags, né um ívilnun sem annar samningsaðili hefur veitt eða kann að veita nágrannalöndum í því skyni að auðvelda landamæraumferð.

TRADE AGREEMENT

between the Government of the Republic of Iceland and the Government of the People's Republic of China

The Government of the Republic of Iceland and the Government of the People's Republic of China,

— with a view to strengthening the friendly relations between the Republic of Iceland and the People's Republic of China,
— desirous to further promote and develop, on the basis of equality and mutual advantage, trade and economic relations between the two countries,

have agreed as follows:

ARTICLE 1

The two Contracting Parties are determined to take all appropriate measures for the promotion of a continuous and steady development of trade between the two countries as well as for the creation of as favourable conditions as possible for such a development. The two Parties shall promote diversification of mutual trade.

ARTICLE 2

The two Contracting Parties shall, within the framework of laws and regulations in force in the respective countries, endeavour to reduce or progressively eliminate all kinds of obstacles to the exchange of goods and the provision of services.

ARTICLE 3

The two Contracting Parties shall accord to each other most-favoured-nation treatment in the following matters:

— custom duties and other charges applied to the import, export, transshipment or transit of goods;
— methods of levying such charges as well as the administrative custom procedure;
— administrative formalities for the issue of import and export licences.

The above-mentioned provisions shall not apply to advantages accorded by either Contracting Party with reference to an existing or future customs union, free trade area or other preferential arrangements, nor to advantages which either Contracting Party has accorded or may accord to neighbouring countries in order to facilitate frontier traffic.

4. gr.

Samningsaðilarnir skulu efla samstillta þróun viðskipta og skulu hvor á sinn hátt stuðla að slíkri þróun.

ARTICLE 4

The two Contracting Parties shall promote a harmonious development of trade and shall contribute, each by its own means, to such a development.

5. gr.

Samningsaðilarnir skulu hvetja samtök og fyrirtæki í utanríkisverslun til að eiga samningsviðræður og gera samninga, þar með talda langtímasamninga, á eðlilegum viðskiptakjörum.

ARTICLE 5

The two Contracting Parties shall encourage organizations and enterprises engaged in foreign trade to negotiate and conclude contracts, including long-term contracts, on normal commercial terms.

6. gr.

Samningsaðilarnir skulu hvetja til viðskipta með fullbúnar vélasamstæður og tækniþekkingu og skulu gefa viðeigandi gaum að möguleikum á viðskipta- og tæknisamvinnu í sambandi við slík viðskipti.

ARTICLE 6

The two Contracting Parties shall encourage commercial transactions with respect to complete plants and know-how and shall give due attention to all possibilities of commercial and technical cooperation in connection with such transactions.

7. gr.

Greiðslur milli landanna tveggja skulu fara fram svo sem semjast kann um milli viðskiptaaðila, í gjaldmiðli landanna tveggja eða í sérhverjum þeim frjálsa skiptanlega gjaldmiðli sem um semst, í samræmi við lög þau og reglur um gjaldeyriseftirlit sem gilda í löndunum tveimur.

ARTICLE 7

Payments between the two countries shall be effected, as agreed by the business parties concerned, in the currencies of the two countries or in any mutually acceptable and freely convertible currency, in accordance with the laws and exchange control regulations in force in the respective countries.

8. gr.

Samningsaðilarnir skulu stuðla að gagnkvæmum heimsóknum aðila í efnahags-, viðskipta- og atvinnulífinu, hópa og sendinefnda og hvetja til skoðanaskipta um atvinnu- og tæknimál svo og samskipta viðskiptalegs eðlis.

Samningsaðilarnir skulu, í samræmi við gildandi lög og reglugerðir í löndunum, heimila samtökum og fyrirtækjum frá hinu landinu, sem fást við utanríkisverslun milli landanna tveggja, að koma sér upp fastafulltrúa eða skrifstofu hvor hjá öðrum og veita stuðning að því er varðar útvegun viðeigandi vinnuaðstöðu fyrir fulltrúa slíkra samtaka og fyrirtækja.

Samningsaðilarnir viðurkenna að efnahagslegar og viðskiptalegar upplýsingar eru mikilvægar fyrir þróun viðskipta og munu beita sér fyrir auknum skiptum á slíkum upplýsingum.

ARTICLE 8

The two Contracting Parties shall promote mutual visits of economic, trade and industrial personnel, groups and delegations, and encourage industrial and technical exchanges and contacts of a commercial character.

The two Contracting Parties shall, in accordance with laws and regulations in the respective countries, permit organizations and enterprises of the other country engaged in foreign trade between the two countries to establish permanent representations or offices in their respective countries and render support with regard to providing appropriate working conditions for representatives of such organizations and enterprises.

The two Contracting Parties recognize the importance of economic and commercial information for the development of trade and will promote an increased exchange of such information.

9. gr.

Samningsaðilarnir skulu skýra hvor öðrum frá vandamálum sem upp kunna að koma í gagnkvæmum viðskiptum og í því skyni að efla viðskipti skulu leita lausna, sem báðum eru að skapi, með vinsamlegum viðræðum.

Ef aðkallandi eða alvarlegar aðstæður krefjast skjótra aðgerða og undanfarandi viðræður eru útilokaðar, getur annar samningsaðilinn beitt sér fyrir varnaraðgerðum að teknu tilliti til almennra markmiða samnings þessa.

10. gr.

Samningsaðilarnir samþykkja að koma á fót sameiginlegri stjórnarnefnd um viðskipti. Sameiginlega nefndin skal koma saman að beiðni hvors samningsaðilanna um sig, í Alþýðulýðveldinu Kína, og á Íslandi á víxl.

Störf sameiginlegu nefndarinnar skulu felast í endurskoðun á framkvæmd samnings þessa, að kanna aðferðir og aðgerðir til þróunar viðskipta og að fjalla um mál sem lúta að viðskiptum með vörur og þjónustu svo og önnur mál sem snerta samning þennan.

11. gr.

Samningur þessi skal taka gildi við undirritun og gilda í fimm ár. Hann skal síðan framlengjast sjálfkrafa um eitt ár í senn, nema annar hvor samningsaðilanna tilkynni hinum skriflega um uppsögn samningsins eigi síðar en sex mánuðum áður en hann fellur úr gildi.

Gjört í Beijing 17. október 1987 í tvírit á kínversku, íslensku og ensku og skulu allir textarnir jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands
Pétur Thorsteinsson

Fyrir hönd ríkisstjórnar
Alþýðulýðveldisins Kína
Zhu Youlan

ARTICLE 9

The two Contracting Parties shall inform each other of problems that could arise in mutual trade and in the spirit of promotion of trade seek mutually satisfactory solutions through friendly consultations.

If urgent and critical circumstances require immediate action and make prior consultation impossible either Contracting Party can take safeguard measures, keeping in mind the general objectives of this Agreement.

ARTICLE 10

The two Contracting Parties agree to establish a Mixed Governmental Commission for Trade. The Mixed Commission shall meet, at the request of either Contracting Party, in the Republic of Iceland and in the People's Republic of China alternately.

The tasks of the Mixed Commission are to review the implementation of this Agreement, to study the means and measures for the development of trade, and to consider questions in relation to the exchange of goods and the provision of services as well as other questions with respect to this Agreement.

ARTICLE 11

This Agreement shall enter into force upon signature and shall remain in force for five years. It shall thereafter be automatically extended for one year at a time, unless either of the two Contracting Parties gives the other Contracting Party written notice of termination of the Agreement not later than six months before its expiry.

Done at Beijing on 17th October 1987 in duplicate in the Icelandic, Chinese and English language, the three texts being equally authentic.

For the Government of the
Republic of Iceland
Pétur Thorsteinsson

For the Government of the
People's Republic of China
Zhu Youlan